Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarbrjef, 1890

Stafrænt afrit úr einkaskjalasafni Eyjólfs Eiríkssonar

*Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

Borgarskjalasafn.is

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Bíggíngarbrjef fírir Jörd.

Hákon Eyjólfsson, bóndi á Stafnesi í Midneshreppi, gjöri kunnugt, ad jeg byggi Eyríki Olafssyni, á Minnimarstúngu eignarjörd mína, Minnimarstúngu, í Gnúpverjahreppi innan Árnessýslu, sem er 11.9 hundrud ad dýrleika, med skilmálum þeim er nú skal greina.

1.

Í leigu eptir þau 2 kúgildi sem jördinni fílgja, skal hann greida 4 fjórdúnga af hreinu, velverkud smjöri, hvert haust fírir Mikaelsmessu, til Factor. Olafs. Ámundasonar í Reikjavík.

2.

Í landskuld af jördinni skal hann gjalda, 2 Saudi gamla, í fullgildu standi, hvert haust fírir 29 September, eptir rádstöfun minni.

3.

Hann skal greida alla þá skatta og skyldur, sem á jördinni hvíla eptir lögum þeim, er nú gilda eda sídan kunna sett ad verda, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnadarlaust ad öllu.

4.

Hann skal leggja stund á ad rækta vel tún jardarinnar og vinna upp tún og engjar hennar ár hvert, fírir því ber honum sjerílagi ad gjæta þess, er hjer fer á eptir.

a. allan áburd sem fellur til á jördinni, skal hann flitja hvert ár á tún, og í garda á hentugum tíma, og drígja áburdinn med hverju sem hæfilegt er, svo sem veggjamold, modmylsnu, mosi, ösku, og sorpi, skal bera þad í mikjuhaugin og velja honum haganlegt stædi, þar sem lögur getur eigi runnid frá.

b. skal hann nota færikvíjar um stekktíman og á sumrum, og flitja þær um þá reiti í túninu, sem mest þörf er á.

c. hann skal vinna á túninu á vorum med alúd og vandvirkni, og verja kostgjæfilega tún og engjar fírir átrodningi af mönnum og skepnum, og fírir öllum skada og skemdum, sem kostur er á.

Verdi landsdrottin var vid nokkurt brest eda hirduleisi hjá leiguliða í þessum greinum, er honum heimilt ad láta úttektarmenn skoda og meta medferd landseta á jördinni, og ef skodunargjördin verdur á móti honum, missir hann ábúdarrjett sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Á ári hverju skal hann sljetta 200 □ fadma í túninu vel og vandlega, og hlada 30 fadma af stædilegum túngardi úr torfi eda grjóti, eptir því er til hagar med efnið; vanrækti hann eitt ár í senn að vinna jardabætur þessar, skal hann greida landsdrottni endurgjald fyrir þær eptir mati óvilhallra manna, en vanrækti hann það fleiri en eitt ár í senn, missir hann þar á ofan ábúdarrjett sinn.

6.

Hann skal sjálfur halda vid innstæd-kúgildum jardarinnar og ábyrgjast þau. einnig ber honum ad halda vel uppi húsum jardarinnar og bæta þau ad vidum, veggjum og hagrædi eptir þörfum, svo og vidhalda glöggum landamerkjum, túngardi ef nú til er, heygardi, matjurtagördum, fjenadarrjettum ef til eru, do. stíflugördum og hverju ödru mannvirki er jördinni fylgir.

7.

Þegar leiguliði flytur sig frá jördinni eda andast, skal hann eda bú hans skila jördinni og öllu því, sem henni fylgir, innstædu, húsum og ödrum mannvirkjum í fullgildu standi eda med fullu álagi eptir mati úttektarmanna. eigi hann þá hús á jördinni eda fyrningar heys, eldsneytis eda byggingarefnis, sem jördin hefur gefid af sjer, fer um það sem segir í lögum um byggingu, ábúd og úttekt jarda 12. januar 1884, 9. og 10. gr.

8.

Hann skal med trúmennsku halda undir jördina því, sem henni fylgja ber med rjettu af engjum, beitilandi, ítökum og hlunnindum. reyni einhver til ad ásælast jördina eda ad ganga á rjettindi hennar í nokkru, skal hann tafarlaust banna slíkan yfirgang og jafnframt gjöra landsdrottni advart um hann.

9.

Hann má ekki byggja ödrum af leigujörd sinni nje taka húsfólk, nema landsdrottinn leyfi. ekki má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá ödrum nokkud af hlunnindum þeim og landsnytjum, sem leigulandi hans fylgja, nema það sje í skiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörd hans þarfnast. hann má ekki selja eda láta af hendi á neinn hátt áburd af jördinni, nje heldur mó eda torf, sem aflad er í landi hennar. eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefur aflad af jördinni, nema því ad eins ad hann fái aptur jafngildi í heyi eda beit, eda hann í hardindum láti hey gegn ödru endurgjaldi eptir áskorun hreppsnefndar. brjóti leiguliði á móti þessu, vardar það útbyggingu og skal hann þaradauki gjalda landsdrottni bætur fyrir skemmdir á jördinni eptir mati úttektarmanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10,

Með þessum skilmálum ~~[illegible]~~ byggi jeg Eyríki Ólafssyni jörðina Minni-Márstúngu, sem bregði hann útaf þeim í nokkru hefur hann fyrirgjört ábúðarrjetti sínum. vilji hann fara frá jörðinni, skal hann segja henni lausri fyrir Jól næstu á undan þeim fardögum, er hann ætlar að flytja burtu.

Í þeim atriðum er ekki eru greind hjer að framan, fer um skildur og rjettindi landsdrottins og leiguliða, eins og áður nefnd lög 12. Janúar. 1884 mæla fyrir

11,

Landamerki jarðarinnar eru: „fyrst ræður Márstúngna lækur, og Márstúngna gil, frá Kálf-á uppað Krókunum þar sem Klettagljúfrin enda, þaðan ræður bein stefna á vörðu þá, sem stendur á gilsbarminum austanmeginn, þaðan ræður bein stefna, sem liggur yfir lækinn, rjett fyrir ofan jarðbrú þá, sem á honum er, svo ræður bein stefna í vegstragráf, sem liggur á milli eystri og vestri vörðu-ás, og þaðan ræður bein stefna í miðjan vestasta slakkann í Selfelli.“

12,

Af þessu byggingarbrjefi eru gjörð tvö samhljóða frumrit, og heldur landsdrottinn öðru, en hitt afhendist leiguliða ásamt með kvittunarbók, er hann skal hafa meðferðis í hvert skipti sem hann geldur eitthvað eptir jörðina, svo í hana verði ritað, hvað goldið er. Þegar Eyríkur Ólafsson, fer frá jörðinni, skal hann skila aptur byggingarbrjefi sínu.

Jeg undirskrifaður, Eyríkur Ólafsson, geng að framanskrifuðum byggingar-skilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Stafnesi: þ. 25. Maí. 1890.

vitundarvottar. Hákon Eyjólfsson

Byggingarbrjef.

til handa Eyríki Ólafssyni, fyrir jörðinni Minni-Márstúngu, í Gnúpverjahreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur